# Árbakki 2017

**This songbook was generated at www.guitarparty.com**

# Table of contents

Í síðasta skipti . . . . . 5
Glaðasti hundur í heimi . . . . . 5
Prumpufólkið . . . . . 5
Bíddu pabbi . . . . . 6
Fröken Reykjavík (Friðrik Dór) . . . . . 6
Stolt siglir fleyið mitt . . . . . 7
Í sól og sumaryl . . . . . 7
Byrjaðu í dag að elska . . . . . 7
Afgan . . . . . 8
Blindsker . . . . . 8
Lög og regla . . . . . 8
Aldrei fór ég suður . . . . . 9
Fatlafól . . . . . 9
Stál og hnífur . . . . . 10
Að lífið sé skjálfandi lítið gras . . . . . 10
Eina ósk . . . . . 10
Einhversstaðar einhvern tíman aftur . . . . . 10
Einu sinni á ágústkvöldi . . . . . 11
Ekkert breytir því . . . . . 11
Enga fordóma . . . . . 11
Fram á nótt . . . . . 12
Fram í heiðanna ró . . . . . 12
Gúanóstelpan . . . . . 13
Hjá þér . . . . . 13
Hjálpaðu mér upp . . . . . 14
Hryssan mín blá . . . . . 14
Icelandic Cowboy . . . . . 14
Kletturinn . . . . . 15
Lagið um það sem er bannað . . . . . 15
Lína langsokkur . . . . . 15
Manstu ekki eftir mér . . . . . 16

Minning um mann . . . 16
Popplag í G-dúr . . . 17
Rangur Maður . . . 17
Reyndu aftur . . . 17
Riddari götunnar . . . 18
Sem lindin tær . . . 18
Stingum af . . . 18
Sódóma . . . 19
Söknuður . . . 19
Traustur vinur . . . 20
Tætum og tryllum . . . 20
Undir bláhimni . . . 20
Undir þínum áhrifum . . . 21
Vegbúinn . . . 21
Vertu ekki að plata mig . . . 21
Vor í Vaglaskógi . . . 22
Vísur Íslendinga . . . 22
Ást . . . 22
Ég er kominn heim . . . 23
Ég veit þú kemur . . . 23
Ég á líf . . . 23
Í Bláum Skugga . . . 24
Ísland er land þitt . . . 24
Ó, Jósep, Jósep . . . 24
Ó, María mig langar heim . . . 25
Óbyggðirnar kalla . . . 25
Út á stoppistöð . . . 25
Út í veður og vind . . . 26
Það liggur svo makalaust . . . 26
Þjóðvegurinn . . . 26
The River . . . 27
Let it be . . . 27

A Hard Day's Night . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 28
Yesterday . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 28
One . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Love me tender . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
When I think of angels . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29

# Í síðasta skipti

Song by: Sæþór Kristjánsson ásamt fleirum.
Lyrics by: Sæþór Kristjánsson ásamt fleirum.
ArtistsFriðrik Dór

Capo on fret 1

Ég man það svo vel
Manstu það hvernig ég sveiflaði þér
Fram og tilbaka í örmunum á mér
Ég man það, ég man það svo vel

Því þessar minningar, minningar kvelja mig, kvelja mig
Gerðu það, leyf mér að leiða þig

Í síðasta skipti
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa
Sýndu mér aftur hvað er að elska
Og o-o-o-o
Segðu mér
Að þú finnir ekkert og enga neista
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu heitast
Þá rata ég út

Ég man það svo vel
Manstu það hvernig þú söngst alltaf með
Hver einasta bílferð sem tónleikar með þér
Ég man það, ég man það svo vel

Því þessar minningar, minningar kvelja mig, kvelja mig
Gerðu það, leyf mér að leiða þig

Í síðasta skipti
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa
Sýndu mér aftur hvað er að elska
Og o-o-o-o
Segðu mér
Að þú finnir ekkert og enga neista
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu heitast

Í síðasta skipti
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa ooo
Sýndu mér aftur hvað er að elska
Og o-o-o-o
Segðu mér
Að þú finnir ekkert og enga neista
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu heitast
Þá rata ég út

# Glaðasti hundur í heimi

Song by: Dr. Gunni
Lyrics by: Dr. Gunni
ArtistsFriðrik Dór

Capo on fret 2

( upprunaleg tóntegund er D )

Gítar 1 ( spilaður 3 sinnum ATH* með capó á 2. bandi )

Gítar 2 (spilaður með gítar 1 í 3. sinn)

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða'.

Ég hoppa út um holt og hóla,
bæði gelti og spangóla.
Í dag ég ætla mér bara að dóla.

Ég er frjáls og engum háður,
bæði elskaður og dáður.
Í hundaskóla lífsins hef ég margar gráður ohh ohh ho

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða'.

Bak við kjötbúðina slóra,
hitti Konráð Bé og Óla.
Þeir láta mig fá pulsu svaka stóra.

Ég ætla nið´rí fjöru að skreppa,
gá hvort ég finni aðra seppa.
Ef ég sé hundsrass læt ég hann ekki sleppa. ohh ohh ho

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða´.

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða´.

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða´.

# Prumpufólkið

Song by: Gunnar Lárus Hjálmarsson
Lyrics by: Jón Gnarr
ArtistsGunnar Lárus Hjálmarsson

Í Vesturbænum býr skrítinn karl
og jafnvel furðulegri er konan hans.

Hann er með rosalega bumbu
úti á götu þau tvö stíga trylltan dans.

Þau skreyttu jólatré í júní
og karlinn sagðist vera kind.
Þau stóðu á höndum út á túni
og fóru bæði að leysa vind.

Og karlinn prumpar svona.....
og konan prumpar svona.....
og krakkarnir prumpa með.....
La la la la la la la la la la la la la.

En fullorðna fólkið það varð brjálað
og skammaði börnin sín:
"Það er dónaskapur að prumpa
já, það er sko alls ekkert grín!"

Og lögga kom á hjóli
og spurði: "Hvað þykist þið geta?"
"Ég heiti Siggi stóri
og ég kann sko að freta!"

Og löggan prumpar svona.....
Og karlinn prumpar svona.....
og konan prumpar svona.....
og krakkarnir prumpa með.....
La la la la la la la la la la la la la.

Og nú kemur fólk frá útlöndum
frá Hong Kong og París og Kúala Lúmp.
Það kemur alla leið til Íslands
til þess eins að heyra alvöru prump.

Og karlinn prumpar svona.....
og konan prumpar svona.....
Og löggan prumpar svona.....
og krakkarnir prumpa svona.....
og túristarnir prumpa svona.....
En fullorðna fólkið bara prumpar ekki neitt
La la la la la la la la la la la la la
La la la la la la la la la la la la la

# Bíddu pabbi

Song by: Geoff Stevens ásamt fleirum.
Lyrics by: Iðunn Steinsdóttir
ArtistsVilhjálmur Vilhjálmsson

Capó á 3. bandi (fyrir upphaflega tóntegund í Eb)

Í hinsta sinn að heiman lágu spor mín,
Því ég hamingjuna fann ei lengur þar.
Og hratt ég gekk í fyrstu, uns ég heyrði fótatak
Og háum rómi kallað til mín var, kallað:

Bíddu pabbi, bíddu mín,
Bíddu, því ég kem til þín.
Æ, ég hljóp svo hratt,
að ég hrasaði og datt.
Bíddu pabbi, bíddu mín.

Ég staðar nam og starði á dóttur mína,
Er þar stautaði til mín svo hýr á brá,
Og mig skorti kjark til að segja henni,
að bíllin biði mín að bera mig
um langveg henni frá. Hún sagði:

Bíddu pabbi, bíddu mín,
Bíddu, því ég kem til þín.
Æ, ég hljóp svo hratt,
að ég hrasaði og datt.
Bíddu pabbi, bíddu mín.

Ráðvilltur ég stóð um stund og þagði,
En af stað svo lagði aftur heim á leið.
Ég vissi að litla dóttir mín
hún myndi hjálpa mér
Að mæta vanda þeim
sem heima beið. Hún sagði:

Bíddu pabbi, bíddu mín,
Bíddu, því ég kem til þín.
Æ, ég hljóp svo hratt,
að ég hrasaði og datt.
Bíddu pabbi, bíddu mín.

Æ, ég hljóp svo hratt,
að ég hrasaði og datt.
Bíddu pabbi, bíddu mín.

# Fröken Reykjavík (Friðrik Dór)

Song by: Friðrik Dór
Lyrics by: Jónas Árnason
ArtistsFriðrik Dór

Hver gengur þarna eftir Austurstræti
og ilmar eins og vorsins blóm
með djarfan svip og ögn af yfirlæti
á ótrúlega rauðum skóm?

Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,

hey hey ohh, hey hey hey ohh,
hey hey ohh, hey hey hey ohh, ( ahhh )
hey hey ohh, hey hey hey ohh,
það er hún Fröken Reykjavík,

hey hey ohh, hey hey hey ohh,
hey hey ohh, hey hey hey ohh, ( ahhh )
hey hey ohh, hey hey hey ohh,
það er hún Fröken Reykjavík,

Hver situr þar með glóð í gullnum lokkum
í grasinu við Arnarhól
svo æskubjört í nýjum nælonsokkum
og nýjum, flegnum siffonkjól?

Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,

hey hey ohh, hey hey hey ohh,
hey hey ohh, hey hey hey ohh, ( ahhh )
hey hey ohh, hey hey hey ohh,
það er hún Fröken Reykjavík,

hey hey ohh, hey hey hey ohh,
hey hey ohh, hey hey hey ohh, ( ahhh )
hey hey ohh, hey hey hey ohh,
það er hún Fröken Reykjavík,

Hver svífur þarna suður Tjarnarbakka
til samfundar við ungan mann ( það er hún Fröken Reykjavík, )
sem bíður einn á brúnum sumarjakka
hjá björkunum við Hljómskálann?

Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,
Ó, það er stúlka engum öðrum lík, ( engum öðrum lík )
það er hún Fröken ( það er hún Fröken ) Reykjavík,

hey hey ohh, hey hey hey ohh,
hey hey ohh, hey hey hey ohh, ( ahhh )
hey hey ohh, hey hey hey ohh,
það er hún Fröken Reykjavík,

hey hey ohh, hey hey hey ohh,
hey hey ohh, hey hey hey ohh, ( ahhh )
hey hey ohh, hey hey hey ohh,
það er hún Fröken Reykjavík,

Ó, það er stúlka engum öðrum lík,
það er hún Fröken Reykjavík,
sem gengur þarna eftir Austurstræti
á ótrúlega rauðum skóm?

# Stolt siglir fleyið mitt

Song by: Gylfi Ægisson
Lyrics by: Gylfi Ægisson
ArtistsÁhöfnin á Halastjörnunni

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á,
sterklegur skrokkurinn vaggar til og frá.
Líf okkar allra og limi það ber
langt út á sjó hvert sem það fer.

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á,
stormar og sjóir því grandað ekki fá.
Við allir þér unnum, þú ást okkar átt,
Ísland við nálgumst nú brátt.

Ísland, gamla Ísland, ástkær fósturjörð.
Við eflum þinn hag hvern einasta dag,
í stormi og hríð, hvert ár, alla tíð.

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á,
sterklegur skrokkurinn vaggar til og frá.
Íslandið stolt upp úr öldunum rís,
eyjan sem kennd er við ís.

Ísland, gamla Ísland, ástkær fósturjörð.
Við eflum þinn hag hvern einasta dag,
í stormi og hríð, hvert ár, alla tíð.

# Í sól og sumaryl

Song by: Gylfi Ægisson
Lyrics by: Gylfi Ægisson
ArtistsHljómsveit Ingimars Eydal

Í sól og sumaryl ég sat einn fagran dag.
Í sól og sumaryl ég samdi þetta lag
fuglarnir sungu og lítil falleg hjón
flugu um loftin blá, hve það var fögur sjón.
Í sól og sumaryl, sér léku lítil börn,
ljúft, við litla tjörn.

Í sól og sumaryl, ég sat og horfði á
hreykna þrastarmóður mata unga sína smá.
Faðirinn stoltur hann stóð þar spertur hjá
og fagur söng svo fyllti hjartað frið.
Í sól og sumaryl, sér léku lítil börn,
ljúft, við litla tjörn.

# Byrjaðu í dag að elska

Song by: Rokkmúsirnar
Lyrics by: Rokkmúsirnar
ArtistsGeirfuglarnir

Morgundagurinn kemur á morgun,
og ef ekki þá, kannski bara seinna.
Ég vaknaði í morgun og vissi um leið
að ég þyrfti að gera eitthvað, það var að elska

Byrjaðu í dag að elska,
byrjaðu í dag að elska.
Byrjaðu í dag að elska,
byrjaðu í dag að elska.

Og heimurinn snerist annan hring,
það var ekki sá fyrsti.
Ég hafði fyrir löngu komið því kring
að þessi dagur yrði helgaður ást

Byrjaðu í dag að elska,
byrjaðu í dag að elska.
Byrjaðu í dag að elska,
byrjaðu í dag að elska.
Byrjaðu í dag að elska,
byrjaðu í dag að elska.
Byrjaðu í dag að elska,
byrjaðu í dag að elska.

# Afgan

Song by: Bubbi Morthens
Lyrics by: Bubbi Morthens
ArtistsBubbi Morthens

Intró: munnharpa og kassagítar
Ég hlusta á Zeppelin
og ég ferðast aftur í tímann
Þú spyrð mig, hvar er gimsteinninn
í augum þínum ljúfan?
Svitinn perlar á brjóstum þínum
þú bítur í hnúann
Þú flýgur á brott
með syndum mínum, Svartur Afgan

Ég elska þig svo heitt
að mig sundlar og verkjar
Í faðmi þínum þú lætur mig
finna til sektar
Úti í horni liggur kisi þinn og malar
inn á baðherbergi
stendur vofan þín og talar

Úti hamast regnið
við að komast inn til þín
Ég skríð undir sængina
heyri hvernig stormurinn hvín
Drottningin með stríðsfákana sína
býður okkur inn til sín
Hún sýnir okkur inní sólina
segir að sólin sé sín

Millispil- Munnharpa
Lyftan var biluð
húsvörðurinn kallaði mig svín
sagðist hata alla poppara
ég hélt hann væri að gera grín
Ég sagði að ég væri heimsækja stúlku
hún væri unnusta mín
Hann sagði: Mér er nákvæmlega
sama þó hún sé ekki stúlkan þín

Þegar ég bankaði á dyrnar
opnaði vofan þín
Hún sagði: Þú varst bara draumur
ég hefð' aðeins séð þig í sýn
Ó, ég elska þig ég vil ekki vakna
Svartur Afgan
drauma minna ég sakna

Millispil- Munnharpa

# Blindsker

Song by: Bubbi Morthens
Lyrics by: Bubbi Morthens
ArtistsDas Kapital

Skömmu áður en vindurinn sofnar uppi á hæðunum
eins og morgun döggin sprettur svitinn fram.
Andartaki áður en nýr dagur kemur með póstinum
ákveður sólin að hylja sinn harm.

Og ég veit að ég þarf að leika sama leikinn,
veruleikinn er eins og gömul mynd.
Ég sest niður með kaffi, set Bowie á fóninn.
Þitt uppáhalds lag var "Wild is the wind".

Öll þessi ár sem gáfu okkur það
sem aðrir óskuðu sér.
Elskendur í stormi
sem aldrei sáu að ástin var
aðeins blindsker.

Ég geng sömu götuna, hitti sama fólkið,
geri sömu hlutina og ég gerði með þér.
Þó dagurinn sé sá sami, er það ekki sama nóttin,
því nóttin var okkar tími til að byrja með.

Og ég veit að ég þarf að leika sama leikinn,
veruleikinn er eins og gömul mynd.
Ég sest niður með kaffi, set Bowie á fóninn.
Þitt uppáhalds lag var "Wild is the wind".

Öll þessi ár sem gáfu okkur það
sem aðrir óskuðu sér.
Elskendur í stormi
sem aldrei sáu að ástin var
aðeins blindsker.

# Lög og regla

Song by: Bubbi Morthens
Lyrics by: Bubbi Morthens
ArtistsBubbi Morthens

Hvers vegna eru lög og regla
til að fela hitt og þetta?
Blóðug spor og handjárn smella
skýrslur segja: „Hann var alltaf að detta."

Börðu hann í bílnum með kylfum og hnúum
hædd'ann og svívirtu með tungum hrjúfum
Ekkert sást nema lítið mar
þetta var slys við vorum ekki þar.

Við heyrðum hann kalla, biðja um vatn,
kvartaði líka um honum væri kalt.
Seinna um nóttina talaði út í bláinn.
það var ekki fyrr í morgun
að við sáum að hann væri dáinn.

Ekki benda á mig, segir varðstjórinn.
Þetta kvöld var ég að æfa lögreglukórinn,
Spyrjið þá sem voru á vakt.
Ég ábyrgist þeir munu segja satt.

# Aldrei fór ég suður

Song by: Bubbi Morthens
Lyrics by: Bubbi Morthens
ArtistsBubbi Morthens

Forspil:

Ég vakna oftast þreyttur,
varla með sjálfum mér,
en ég veit það er til annað líf
en það sem ég lifi hér,
og þrá mín hún vakir meðan
þokan byrgir mér sýn,
mig þystir í eitthvað annað
en gúanó, tékka og vín.

Á fiskinum lifir þorpið,
þorskurinn er fólkinu allt,
það þrælar alla vikuna,
vaðandi slor og salt.
Við færibandið standa menn
en þeir finna þar enga ró
flestir þeir ungu komnir suður
þar sem af draumunum er nóg.

Langa dimma vetur
vindurinn smaug í gegnum allt.
Kannski var öllum öðrum hlýtt,
en mér var allavegana kalt
Það biðu allir eftir sumrinu
en biðin var löng og ströng
bátarnir lágu tómir við kajann,
í kinnungunum söng.

Faðir minn átti drauma
sem dóu fyrir lítið fé.
Mig dreymdi um að verða að manni
en ég náði honum aðeins í kné.
Ég gleymdi seint þeim augum,
gínandi botnlaust tóm,
gamall maður fyrir aldur fram
með brostinn hrjúfan róm.

Þegar ég var rétt orðinn sautján
um sumarið barst mér frétt,
að sæta dúkkan hans Bensa í Gröf
væri orðin kasólétt.
Næturnar urðu langar
og nagandi ótti með
negldur ég gat ekki tekið til baka
það sem hafði skeð.

Langa dimma vetur
vindurinn smaug í gegnum allt.
Kannski var öllum öðrum hlýtt,
en mér var allavegana kalt
Það biðu allir eftir sumrinu
en biðin var löng og ströng
bátarnir lágu tómir við kajann,
í kinnungunum söng.

Aldrei fór ég suður,
alltaf skorti mig þor.
Hvert einasta sumar var því frestað,
svo kom haust og svo vetur og vor.
Nú er ég kominn á planið
og ég pæli ekki neitt,
ég pækla mínar tunnur,
fyrir það ég fæ víst greitt.

Ég hugsa oft um börnin mín,
bráðum kemur að því
að þau bíða ekki lengur, þau fara,
hér er ekkert sem heldur í.
Enn koma tómir bátarnir
og bræðslan stendur auð.
Baráttan er vonlaus,
þegar miðin eru dauð.

Langa dimma vetur
vindurinn smaug í gegnum allt.
Kannski var öllum öðrum hlýtt,
en mér var allavegana kalt
Það biðu allir eftir sumrinu
en biðin var löng og ströng
bátarnir lágu tómir við kajann,
í kinnungunum söng.

# Fatlafól

Song by: Megas
Lyrics by: Megas
ArtistsMegas ásamt fleirum.

Ég þekkti einu sinni fatlafól
sem flakkaði um á hjólastól
með bros á vör en berjandi þó lóminn.
Hann ók loks í veg fyrir valtara
og varð að klessu - ojbara.
Þeir tóku hann upp með kíttispaða
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

Fatlafól, fatlafól,

flakkandi um á tíu gíra spítthjólastól.
Ók loks í veg fyrir valtara
og varð að klessu - ojbara.
Þeir tóku hann upp með kíttispaða
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

## Stál og hnífur

Song by: Bubbi Morthens
Lyrics by: Bubbi Morthens
ArtistsBubbi Morthens

Þegar ég vaknaði um morguninn,
er þú komst inn til mín,
hörund þitt eins og silki,
andlitið eins og postulín.

Við bryggjuna bátur vaggar hljótt
í nótt mun ég deyja.
Mig dreymdi dauðinn sagði: „Komdu fljótt,
það er svo margt sem ég ætla þér að segja.“

Ef ég drukkna, drukkna í nótt,
ef þeir mig finna.
Þú getur komið og mig sótt,
þá vil ég á það minna.

Stál og hnífur er merkið mitt,
merki farandverkamanna.
Þitt var mitt og mitt var þitt
meðan ég bjó á meðal manna.

## Að lífið sé skjálfandi lítið gras

Song by: Franz P. Schubert
Lyrics by: Sigurður Þórarinsson
ArtistsSmárakvartettinn í Reykjavík

Að lífið sé skjálfandi lítið gras,
má lesa í kvæði' eftir Matthías,
en allir vita, hver örlög fær
sú urt, sem hvergi í vætu nær.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

Það sæmir mér ekki sem Íslending
að efast um þjóðskáldsins staðhæfing,
en skrælna úr þurrki ég víst ei vil
og vökva því lífsblómið af og til.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

Nú þekkist sú skoðun og þykir fín,
að þetta vort jarðlíf sé ekkert grín,
menn eigi að lifa hér ósköp trist
og öðlast í himninum sæluvist.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

En ég verð að telja það tryggara
að taka út forskot á sæluna,
því fyrir því gefst engin "garantí"
að hjá guði ég komist á fyllirí.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

## Eina ósk

Song by: Jóhann G. Jóhannsson
Lyrics by: Jóhann G. Jóhannsson
ArtistsBjörgvin Halldórsson

Ef ég ætti eina ósk, veistu hvers ég myndi óska mér?
Reyndu að giska á hvers eðlis þessi ósk mín er.
Ef þú þekktir mig, þú myndir geta svarað því.
Þú myndir á mér sjá, hvað það er sem mig langar í.

Eina ósk, ég væri ekki í vafa hvers ég óskaði mér.
Eina ósk, ég myndi enn á ný eyða nótt hjá þér.
Eina ósk, því peninga og völd nei það er af og frá.
Eina ósk, ég vildi miklu fremur vera þér hjá.

Alveg síðan fyrst, er augum hafði litið þig,
þá kviknaði sú von, að þú myndir elska mig.
Og ef ég ætti eina ósk, þá veistu hver ég óska mér.
Þú hlýtur nú að sjá hvers eðlis þessi ósk mín er.

Tíminn er að líða,
ég má aðeins bíða.

Eina ósk, ég væri ekki í vafa hvers ég óskaði mér.
Eina ósk, ég myndi enn á ný eyða nótt hjá þér.
Eina ósk, því peninga og völd nei það er af og frá.
Eina ósk, ég vildi miklu fremur vera þér hjá.

## Einhversstaðar einhvern tíman aftur

Song by: Magnús Eiríksson
Lyrics by: Magnús Eiríksson
ArtistsMannakorn

Einhversstaðar einhvern tíman aftur
liggur leið þín um veginn til mín
og þú segir: Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.

Kyrrlátt kvöldið hvíslar ástarorðum
út í buskann, hver heyrir þau nú.

Út úr lífi mínu labbaðir þú.
Labbaðir þú.

En ég nenni ekki að hanga hér,
þótt hugur dvelji oft hjá þér.
Lífið bíður líka eftir mér.
Það er alveg nóg af sorg og sút,
svo ég ætla eitthvað út.
Að finna einhvern félagsskap,
því hik þú veist er sama og tap.

Nú er bráðum tími til að þegja,
því að ósagt nú á ég svo fátt.
En ég sendi þér kveðju í sátt.
Kveðju í sátt.

En ég nenni ekki að hanga hér,
þótt hugur dvelji oft hjá þér.
Lífið bíður líka eftir mér.
Það er alveg nóg af sorg og sút,
svo ég ætla eitthvað út.
Að finna einhvern félagsskap,
því hik þú veist er sama og tap.

Einhversstaðar einhvern tíman aftur
liggur leið þín um veginn til mín
og þú segir: Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.

# Einu sinni á ágústkvöldi

Song by: Jón Múli Árnason
Lyrics by: Jónas Árnason
ArtistsMagnús Eiríksson

Einu sinni' á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
gerðist í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit,
nema við og nokkrir þrestir
og kjarrið græna inní Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða þú og ég.

Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða þú og ég.

# Ekkert breytir því

Song by: Jens Hansson
Lyrics by: Stefán Hilmarsson
ArtistsSálin hans Jóns míns

Ef ég ætti fleiri stundir, fleiri mínútur.
Fleiri orð, fleiri nætur fyrir þig.
Þó að ævin geymi óteljandi sekúndur,
þá er oft eins og tíminn svíkji mig.

Samt er ekkert sem að breytir því.
Samt er ekkert sem að breytir því
hversu heitt þetta hjarta þráir þig.

Ef ég hefði önnur færi, önnur augnablik.
Önnur ráð, aðra kosti handa þér.
Oft á tíðum á ég ekki nógu hægt um vik
til að sá eða gefa af sjálfum mér.

Samt er ekkert sem að breytir því.
Samt er ekkert sem að breytir því
hversu heitt þetta hjarta þráir þig.
Það er ekkert sem að breytir því,
Ekkert annað sem mig þyrstir í.
Þessi sál, þessi hugur þráir þig.

Þó að myrkrið virðist endalaust
vetur, sumar, vor og haust,
skaltu minnast þess að lífið er
ýmist fjara eða flóð.

Sóló: (x 2)
Samt er ekkert sem að breytir því.
Samt er ekkert sem að breytir því
hversu heitt þetta hjarta þráir þig.
Það er ekkert sem að breytir því,
Ekkert annað sem mig þyrstir í.
Þessi sál, þessi hugur þráir þig.

# Enga fordóma

Song by: Heiðar Örn Kristjánsson
Lyrics by: Haraldur F. Gíslason ásamt fleirum.
ArtistsPollapönk

Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la

Lífið er of stutt
Fyrir skammsýni
Úr vegi skal nú rutt
Allri þröngsýni

Hlustið undireins

Inn við bebebebebebe ...
beinið erum við eins
Og það bobobobobo-borgar
Sig að bros....a

Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka
Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

Hey!

Hvort sem þú ert stór
eða smávaxin
Hvort sem þú ert mjór
eða feitlaginn

Hlustið undireins
Inn við bebebebebebe ...
beinið erum við eins
Og það bobobobobo-borgar
Sig að bros....a

Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka
Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

Bobba, bobba, bobba .... .

Hey
Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka
Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la la ra la
Ra la la

Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka
Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

# Fram á nótt

Song by: Björn Jörundur Friðbjörnsson
Lyrics by: Björn Jörundur Friðbjörnsson
ArtistsNý Dönsk

Börn og aðrir minna þroskaðir menn,
fóru að gramsa í mínum einkamálum,
þegar ég var óharðnaður enn
og átti erfitt með að miðla málum.

Þú varðst að ganga rekinn í kút,
til þess að verða ei fyrir aðkasti mannanna,
Og þó að þú litir alls ekki út fyrir að lifa,
eftir lögum þess bannaða.

Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma fram á nótt.
Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma.

Mitt vandamál er á andlega sviðinu,
hugsanirnar heimskar sem gínur á húsþökum.
Þú ættir að sjá í andlitið á liðinu,
er það sér úr þessu vandræði við bökum.

Þú varðst að ganga rekinn í kút,
til þess að verða ei fyrir aðkasti mannanna,
Og þó að þú lítir alls ekki út fyrir að lifa
eftir lögum þess bannaða.

Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma fram á nótt.
Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma.

# Fram í heiðanna ró

Song by: Daniel E. Kelley
Lyrics by: Friðrik A. Friðriksson
ArtistsKK ásamt fleirum.

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað í spyrjandi þrá:
Mundi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.
Þar er himinninn víður og tær.

Þetta loft er svo tært,
finnið þytmjúkan þey,
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei ég vildi ekki borg
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.
Þar er himinninn víður og tær.

# Gúanóstelpan

Song by: Mugison ásamt fleirum.
Lyrics by: Mugison ásamt fleirum.
ArtistsMugison

Þarna fékk ég það fyrst,
þarna fékk ég þig kysst,
hingað kem ég þegar heimurinn frýs,
aldrei faðmað aðra eins dís,

En ég veit þú liggur með þeim,
en nú er ég á leiðinni heim,
til þess að fara í brjálað geim,
með þér og þessum rugluðu tveim.

Sakna Ísafjarðar og þín,
gúanóstelpan mín,
langar að hitta þig,
kíkja smá inn í þig,
gúanóstelpan mín.

Þú kenndir mér svo margt,
svo lífið er fallega svart,
smá snert af rugli er allt sem þú þarft,
ástin er bara hjartaskart.

Sakna Ísafjarðar og þín,
gúanóstelpan mín,
langar að hitta þig,
kíkja smá inn í þig,
gúanóstelpan mín.

Sakna Ísafjarðar og þín,
gúanóstelpan mín,
langar að hitta þig,
kíkja smá inn í þig,
gúanóstelpan mín.

# Hjá þér

Song by: Guðmundur Jónsson
Lyrics by: Friðrik Sturluson
ArtistsSálin hans Jóns míns

Þegar kviknar á deginum og í lífinu ljós,
þegar myrkrið hörfar frá mér,
þá er eitthvað sem hrífur mig líkt og útsprungin rós,
þá vil ég vera hjá þér.

Þegar geng ég í sólinni mitt um hábjartan dag,
litafegurð blasir við mér.
Þegar heimurinn heillar mig líkt og töfrandi lag,
þá vil ég vera hjá þér.

Ég vil bæði lifa og vona,
ég vil brenna upp af ást.
Ég vil lifa með þér svona,
ég vil gleðjast eða þjást.
Meðan leikur allt í lyndi,
líka þegar illa fer,
meðan lífið heldur áfram,
þá vil ég vera hjá þér.

Meðan skuggarnir stækka og ýta húminu að
gamall máninn bærir á sér.
Þá vil ég eiga andartak inn á rólegum stað
þá vil ég vera hjá þér.

Ég vil bæði lifa og vona,
ég vil brenna upp af ást.
Ég vil lifa með þér svona,
ég vil gleðjast eða þjást.
Meðan leikur allt í lyndi,
líka þegar illa fer,
meðan lífið heldur áfram,
þá vil ég vera hjá þér.

Meðan leikur allt í lyndi,
líka þegar illa fer,

meðan lífið heldur áfram,
þá vil ég vera hjá þér.

Þegar slokknar á deginum yfirþyrmandi nótt
stormar fyrir stjarnanna her.
En það bítur mig ekkert á og ég sef vært og rótt
ef þú vilt vera hjá mér
þá vil ég vera hjá þér.

# Hjálpaðu mér upp

Song by: Björn Jörundur Friðbjörnsson
Lyrics by: Björn Jörundur Friðbjörnsson
ArtistsNý Dönsk

Hjálpaðu mér upp, ég get það ekki sjálfur.
Ég er orðinn leiður, á að liggja hér.
Gerum eitthvað gott, gerum það saman,
ég skal láta fara lítið fyrir mér.

Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.

Hvað getum við gert, ef aðrir bjóða betur,
dregið okkur saman og skriðið inní skelina?
Nei, það er ekki hægt að vera minni maður,
og láta slíkt og annað eins spyrjast út um sig.

Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.

Þú! Þú getur miklu betur en þú hefur gert.
Þú! Þú ert ekki sami maður og þú varst í gær.
Þú! Þú opnar ekki augun fyrr en allt of seint
opnar ekki augun fyrr en allt er breytt.

Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.
Drukkna í öllu þess í kringum mig.
Flýtum okkur hægt, gerum það í snatri.
Ég verð að láta fara lítið fyrir mér.

Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.

# Hryssan mín blá

Song by: Bjarni Hafþór Helgason
Lyrics by: Bjarni Hafþór Helgason
ArtistsSkriðjöklarnir ásamt fleirum.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

Manstu mín kæra gresjurnar
Akrafjöllin, Esjurnar?
Já, manstu´er við riðum dalina
og alla fjallasalina?

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

Manstu´er við hittum Rauð á Stöng
og þú heyrðir svanasöng?
En folaldið hvíta seinna varð
úti við Svartaskarð.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

Þegar ég lít á farinn veg
heillar mig minningin,
þökkuð er sambúð yndisleg
og líka viðkynningin.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

# Icelandic Cowboy

Song by: Spilverk þjóðanna
Lyrics by: Spilverk þjóðanna
ArtistsSpilverk þjóðanna

I'm an Icelandic cowboy
On my Icelandic pony.
I travel around in the west.
I know all the ways around Snæfellsnes,
'Cause that's where my baby stays.

I've been to the east
And I've been to the west.
I've been to the north and the south.
Once I met there an old polar bear,
But I found out he had a big mouth.

That's why I'm singing
For you, forgotten cowboys,
Forgotten cowboys of the world.
Come to Iceland, 'cause it's a nice land
And you can shake the shepherd's hand.
And if you come to Iceland
You can join the local band.

# Kletturinn

Song by: Mugison
Lyrics by: Mugison
ArtistsMugison

Þeir kölluðu mig klett
en dropinn holar stein
nú sit ég einn á gangstétt
og man ei leiðina heim
tóbak og tjútt  stytta þá leið
sú á er bæði djúp og breið
sú á er bæði djúp og breið

úr holdi er ég kominn
og mold skal verða
löngu aðframkominn
ónýtt til viðgerða
tóbak og tjútt stytta þá leið
sú á er bæði djúp og breið
sú á er bæði djúp og breið

ég á mér draum - bara ef þú spyrð
um að menn einsog ég renni ekki úr ábyrgð

gítarsóló:
eins og jarðskjálfti
sem bítur allt
tapaði öllu sem ég átti
sjálfum mér þúsundfalt
tóbak og tjútt stytta þá leið
sú á er bæði djúp og breið
sú á er bæði djúp og breið

ég á mér draum - bara ef þú spyrð
um að menn einsog ég renni ekki úr ábyrgð

hjálpaðu mér - þar sem ég stend
það æðsta er - alltaf  - samkennd

# Lagið um það sem er bannað

Song by: Sveinbjörn I. Baldvinsson
Lyrics by: Sveinbjörn I. Baldvinsson
ArtistsEyþór Arnalds

Það má ekki pissa bakvið hurð
og ekki henda grjóti oní skurð.
Ekki fara í bæinn
og kaupa popp og tyggjó,
ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða  út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó.
Ekki tína blómin,
sem eru úti' í beði,
ekki segja ráddi, heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann,
þó maður geri ekki neitt.
Það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall.
Ekki skjóta pabba
með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla útí búð
og ekki gefa litla bróður snúð.
Ekki fara að hlæja
þó einhver sé að detta,
ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann,
þó maður geri ekki neitt.
Það er alltaf að skamma mann.

# Lína langsokkur

Song by: Jan Johansson
Lyrics by: Kristján frá Djúpalæk
ArtistsKristján frá Djúpalæk

Þetta lag er upphaflega í E-dúr.
ATH** best er fyrir byrjendur að spila það í D-dúr hvað hljóm

Hér skal nú glens og gaman
við getum spjallað saman.
Gáum hvað þú getur
vinur, gettu hver ég er.
Verðlaun þér ég veiti
ef að veistu hvað ég heiti.
En vaðir þú í villu
þetta vil ég segja þér.

Hér sérðu Línu langsokk,
tralla hó, tralla hei, tralla hoppsasa.
Hér sérðu Línu langsokk
já, líttu það er ég.

Og þú sérð minn apa
minn sæta, fína, litla apa.
Herrann Níels heitir
já, hann heitir reyndar það.
Hérna höll mín gnæfir
við himin töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri
eða frægðarmeiri stað?

Hér sérðu Línu langsokk,
tralla hó, tralla hei, tralla hoppsasa.
Hér sérðu Línu langsokk

já, líttu það er ég.

Þú höll ei hefur slíka
ég á hest og rottu líka
og kúfullan af krónum
einnig kistil á ég mér.
Verið allir vinir,
velkomnir - einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið
nú skal líf í tuskum hér.

Hér sérðu Línu langsokk,
tralla hó, tralla hei, tralla hoppsasa.
Hér sérðu Línu langsokk
já, líttu það er ég.

# Manstu ekki eftir mér

Song by: Ragnhildur Gísladóttir
Lyrics by: Þórður Árnason
ArtistsStuðmenn

Ég er á vestur leiðinni,
á háheiðinni.
Á hundrað og tíu,
ég má ekki verða of seinn. O - Ó.

Það  verður fagnaður mikill vegna opnunar,
fluggrillsjoppunnar.
Svo ég fór, og pantaði borð fyrir einn.

Ég frestaði stöðugt að fá mér starf,
síðan síldin hvarf.
Enda svolítið latur til vinnu
en hef það samt gott.  O - Ó.

Konurnar fíla það mæta vel,
allflestar að ég tel
ég er og verð bóhem og finnst það flott.

Manstu' ekki eftir mér?
Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.
Manstu' ekki eftir mér?
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.

Ég hef nokkurn lúmskan grun um að,
ein gömul vinkona
geri sér ferð þangað líka.
Ég veit hvað ég syng... O - Ó

Hún er á svotil á sama aldri og ég,
asskoti hugguleg
og svo er, hún á hraðri leið inn á þing.

Manstu' ekki eftir mér?
Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.
Manstu' ekki eftir mér?
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.

Ég er á vestur leiðinni,
á háheiðinni.
Á hundrað og tíu,
ég má ekki verða of seinn. O - Ó.

Það  verður fagnaður mikill vegna opnunar,
fluggrillsjoppunnar.
Svo ég fór, og pantaði borð fyrir einn.

Manstu' ekki eftir mér?
Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.
Manstu' ekki eftir mér?
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.

Manstu' ekki eftir mér?
Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.
Manstu' ekki eftir mér?
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.

# Minning um mann

Song by: Gylfi Ægisson
Lyrics by: Gylfi Ægisson
ArtistsLogar

Nú ætla ég að syngja ykkur lítið fallegt ljóð
um ljúfan dreng sem fallinn er nú frá,
um dreng sem átti sorgir en ávallt samt þó stóð
sperrtur þó að sitthvað gengi á.

Í kofaskrifli bjó hann, sem lítinn veitti yl,
svo andvaka á nóttum oft hann lá.
Þá Portúgal hann teygaði, það gerði ekkert til,
það tókst með honum yl í sig að fá.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Börnum var hann góður, en sum þó hræddust hann,
þau hæddu hann og gerðu að honum gys.
Þau þekktu ei, litlu greyin, þennan mæta mann,
margt er það sem börnin fara á mis.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Munið þið að dæma ei eftir útlitinu menn,
en ýmsum yfir þessa hluti sést.
En til er það að flagð er undir fögru skinni enn,
fegurðin að innan þykir best.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Nú ljóðið er á enda um þennan sómasvein,

sem að þráði brennivín og sæ.
Hann liggur nú á kistubotni og lúin hvílir bein
í öskuhrúgu í Vestmannaeyjabæ.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.
Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

# Popplag í G-dúr

Song by: Valgeir Guðjónsson
Lyrics by: Valgeir Guðjónsson
ArtistsStuðmenn

Ég er hér staddur á algjörum bömmer,
sé ekki úr augunum út.
Allt fer í steik er þú ert ekki með mér,
hleypur í kekki og hnút.

Svo þegar þú birtist fer sólin að skína,
smáfuglar kvaka við raust.
Í brjálæðishrifningu býð ég þér Tópas
og berjasaft skilyrðislaust.

Við syngjum saman: Popplag í G-dúr.
Við syngjum: Popplag í G.
Við syngjum: Popplag í G-dúr.
Það er engin leið að hætta.
Það er engin leið að hætta.
Það er engin leið að hætta að syngja svona
popplag í G-dúr,  popplag í G.

Við förum á bíó, við förum á kostum
og förum á puttanum rúnt.
Brauðmolum hendum í hausinn á öndunum
sem hjálmlausum fellur það þungt.

Það er engin leið að hætta.
Það er engin leið að hætta.
Það er engin leið að hætta að syngja svona
popplag í G-dúr,  popplag í G.

En af hverju þarftu svo alltaf að hverfa
augsjónum mínum á burt?
Svo beygður af harmi ég breytist að nýju
í bölvaðan dóna og durt.

Ég er hér staddur á algjörum bömmer,
sé ekki úr augunum út.
Allt fer í steik er þú ert ekki með mér,
hleypur í kekki og hnút.

Við syngjum saman: Popplag í G-dúr.
Við syngjum: Popplag í G.
Við syngjum: Popplag í G-dúr.
Það er engin leið að hætta.
Það er engin leið að hætta.
Það er engin leið að hætta að syngja svona
popplag í G-dúr,  popplag í G.

# Rangur Maður

Song by: Sólstrandargæjarnir
Lyrics by: Sólstrandargæjarnir
ArtistsSólstrandargæjarnir

Intro

Af hverju get ég ekki
lifað eðlilegu lífi

Af hverju get ég ekki
lifað business lífi
keypt mér húsbíl og íbúð

Af hverju get ég ekki
gengið menntaveginn
þangað til að ég æli

Af hverju get ég ekki
gert neitt af viti
af hverju fæddist ég loser

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

Af hverju er lífið svona ömurlegt
ætli það sé skárra í Zimbabwe

Af hverju var ég fullur á virkum degi
af hverju mætti ég ekki í tíma

Af hverju get ég ekki
byrjað í íþróttum
og hlaupið um eins og asni

Af hverju get ég ekki
verið jafn hamingjusamur
og Sigga og Grétar í Stjórninni

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

# Reyndu aftur

Song by: Magnús Eiríksson
Lyrics by: Magnús Eiríksson
ArtistsMannakorn

Þú reyndir allt,

til þess að ræða við mig.
Í gegnum tíðina
ég hlustaði ekki á þig,
ég gekk áfram minn veg,
niður til heljar hér um bil
reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Nú hvert sem er,
skal ég fylgja þér.
Yfir Esjuna til tunglsins,
trúðu mér
ég gekk minn breiða veg,
niður til heljar hér um bil.
Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Nú hvert sem er,
skal ég fylgja þér.
Yfir Esjuna til tunglsins,
trúðu mér
ég gekk minn breiða veg,
niður til heljar hér um bil.
Reyndu aftur, ég bæði sé og veit,
Reyndu aftur, ég bæði sé og veit,
Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

# Riddari götunnar

Song by: Björgvin Halldórsson
Lyrics by: Þórhallur Sigurðsson
ArtistsHLH flokkurinn

Rennur af stað ungi riddarinn
rykið það þyrlast um slóð.
Hondan hans nýja er fákurinn
hjálmurinn glitrar sem glóð.

Tryllir og tætir upp malbikið,
titrar og skelfur allt hér.
Reykmettað loftið þá vitið þið
er riddari götunnar fer.

Ég hef alltaf verið veik fyrir svona strák
sem geysist um á mótorfák
og hræðist ekki neitt.

Aftan á hjóli hans situr snót,
sú sem hann elskar í dag.
Sýna þau hvort öðru blíðuhót
og svífa inn í kvöldsólarlag.

Ég hef alltaf verið veik fyrir svona strák
sem geysist um á mótorfák
og hræðist ekki neitt.
Ó hve gott á lítil lind,
leika frjáls um hlíð og dal,
líða áfram létt sem hind,
líta alltaf nýja mynd.

# Sem lindin tær

Lyrics by: Bjarki Árnason
ArtistsBjarki Árnason ásamt fleirum.

Hvísla ljóð' að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm,
lauma koss' á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Hvísla ljóð' að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm,
lauma koss' á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

# Stingum af

Song by: Mugison
Lyrics by: Mugison
ArtistsMugison

Það er andvökubjart
himinn - kvöldsólarskart,
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut

Finnum göldróttan hval
og fyndinn sel í smá dal
lækjarnið, lítinn foss,
skeinusár, mömmukoss
lækjarnið, lítinn foss,
skeinusár, mömmukoss

stingum af -
í spegilsléttan fjörð
stingum af -
smá fjölskylduhjörð
senn fjúka barnaár

upp í loft, út á sjó
verðmæt gleðitár,
- elliró, elliró

-
hoppum út í bláinn,
kveðjum stress og skjáinn,
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til

tínum skeljar, fjallagrös,
látum pabba blása úr nös,
við grjótahól í feluleik,
á hleðslu lambasteik,
við grjótahól í feluleik,
á hleðslu lambasteik,

stingum af -
í spegilsléttan fjörð
stingum af -
smá fjölskylduhjörð
senn fjúka barnaár
upp í loft, út á sjó
verðmæt gleðitár,
- elliró, elliró

# Sódóma

Song by: Guðmundur Jónsson
Lyrics by: Stefán Hilmarsson
ArtistsSálin hans Jóns míns

Skuggar í skjóli nætur
skjóta rótum sínum hér.
Farði og fjaðrahamur,
allt svo framandi er.

Fyrirheit enginn á,
aðeins von eða þrá.
Svo á morgun er allt liðið hjá.

Sviti og sætur ilmur
saman renna hér í eitt.
Skyrta úr leðurlíki
getur lífinu breytt.

Fyrirheit enginn á,
aðeins von eða þrá.
Tíminn fellur í gleymskunnar dá.
Fyrirheit enginn á,
aðeins draumar og þrá.
Svo á morgun er allt liðið hjá.

Hérna er allt sem hugurinn gæti girnst.
já og eðal guðaveigar
Nóttin er ung og hún iðar í takt við þig.
Allt getur gerst og eflaust gerist það víst
bara bruggið ef þú teigar.

Svo er svifið þöndum vængjum.
Svo er svifið þöndum vængjum.
Sódóma!
Yeah-yeah-yeah-yeah.
Sódóma!
Yeah-yeah-yeah-yeah.

Holdið er hlaðið orku,
hafið yfir þína sýn.
Drjúpa af dimmum veggjum,
dreyri, vessar og vín.

Fyrirheit enginn á,
aðeins von eða þrá.
Lífið fellur í gleymskunnar dá.
Fyrirheit enginn á,
aðeins draumar og þrá.
Svo á morgun er allt liðið hjá.

# Söknuður

Song by: Jóhann Helgason
Lyrics by: Vilhjálmur Vilhjálmsson
ArtistsVilhjálmur Vilhjálmsson

Capo on fret 5
fyrir upphaflega tónt. í F

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Fundið stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
Í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það næðir hér
og nístir mig.

# Traustur vinur

Song by: Jóhann G. Jóhannsson
Lyrics by: Jóhann G. Jóhannsson
ArtistsUpplyfting

Enginn veit fyrr en reynir á
hvort vini áttu þá.
Fyrirheit gleymast þá furðu fljótt
þegar fellur á niðdimm nótt.

Já sagt er að, þegar af könnunni ölið er
fljótt þá vinurinn fer.
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun
fyrir þína hönd Guði sé laun.

Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu
sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert
kraftaverk.

Mér varð á, og þungan dóm ég hlaut
ég villtist af réttri braut.
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun.
Fyrir þína hönd Guði sé laun.

Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu
sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert
kraftaverk.

Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu
sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert
kraftaverk.
Tætum og tryllum
og tækið nú þenjum
í botni eitthvað lengst upp í sveit.

# Tætum og tryllum

Song by: Jakob Frímann Magnússon
Lyrics by: Jakob Frímann Magnússon
ArtistsStuðmenn

Tröllum og tjúttum
og tökum svo lagið
í lundi hvar enginn veit.

Allir eru í fínu formi,
enginn nennir neinu dormi,
því nóttin er löng
þó að lífið sé stutt
og allir fara í sveitaferð.

Allt er í fína
og enginn mun sýna af sér
sút eða sorg í kvöld.
Konráð og Ræna,
hani og hæna,
fatta að hér er gleðin við völd.

Allir eru í fínu formi,
enginn nennir neinu dormi,
því nóttin er löng
þó að lífið sé stutt
og allir fara í sveitaferð.

# Undir bláhimni

Song by: Sam C. Hart
Lyrics by: Magnús K. Gíslason frá Vöglum
ArtistsÓlafur Þórarinsson

Undir bláhimni blíðsumars nætur
barst' í arma mér rósfagra mey.
Þar sem döggin í grasinu grætur,
gárast tjörnin í suðrænum þey.

Ég var snortinn af yndisleik þínum,
ástarþráin er vonunum felld.
Þú ert ljósblik á lífshimni mínum,
þú er ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég vil dansa við þig, meðan dunar
þetta draumblíða lag, sem eg ann.
Meðan fjörið í æðunum funar
af fögnuði hjartans, er brann.

Og svo dönsum við dátt, það er gaman,
meðan dagur í austrinu rís.
og svo leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.
Já, út í sumarsins paradís

# Undir þínum áhrifum

Song by: Guðmundur Jónsson
Lyrics by: Stefán Hilmarsson
ArtistsSálin hans Jóns míns

Ég er ofurseldur þér og uni vel.
Það er annað finnst mér allt mitt hugarþel.
Sem ég horfi á þig sofa finn ég að
það er brotið nú í lífi mínu blað.

Ég hef beðið nokkuð lengi eftir þér,
svo ég segi það hreint alveg eins og er.
Og ég hugsa alla daga til þín heitt.
Alveg ótrúlegt hve allt er orðið breytt.

Það er varla nokkur heppnari en ég.
Þessi tilfinning er ævintýraleg.
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð áfram, enginn vafi er um það.

Þú ert náttúrunnar undurfagra smíð,
verður hörpu minnar strengur alla tíð.
Það er ekki nokkur sem að brosir eins og þú.
Og ég lofa gjafir lífsins fyrr og nú.

Ooooooooooooo
Mmmmmmmmmmmmmm
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð áfram, enginn vafi er um það.

Þú hefur löngu sigrað mig.
Takmarkalaust ég trúi á þig.
Mitt allt er þitt og verður
ókomin ár.

Ég mun elska þig allt fram á hinstu stund.
Uns ég held um síð á feðra minna fund.
En að líkum hef ég tímann fyrir mér
og ég hlakka til að eyða honum með þér.

Það er varla nokkur heppnari en ég.
Þessi tilfinning er ævintýraleg.
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð áfram, enginn vafi er um það.
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð alltaf, enginn vafi er um það.

# Vegbúinn

Song by: KK
Lyrics by: KK
ArtistsKK

Þú færð aldrei'að gleyma
þegar ferð þú á stjá.
Þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin,
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Eitt er að dreyma
og annað að þrá.
Þú vaknar að morgni
veginum á.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

# Vertu ekki að plata mig

Song by: Björgvin Halldórsson
Lyrics by: Þórhallur Sigurðsson ásamt fleirum.
ArtistsHLH flokkurinn ásamt fleirum.

Ég sá hana í horninu á Mánabar
Hún minnti mig á Brendu Lee
Ég skellti krónu í djúkboxið
Og hækkaði vel í því

Hún þagði bara og lakkaði á sér neglurnar
Og þóttist ekki taka eftir mér
Í hægðum mínum labbaði að borðinu
Og sagði hátt

Komdu með, ég bið þig
Komdu með, ég bið þig
Ég vona að þú segir ekki nei við mig
Því trúðu mér, ég dái þig
Það eina sem skiptir máli, ert þú og ég

Vertu ekki að plata mig,
Þú ert bara að nota mig
Ég er ekki eins og allar stelpurnar
Sem hoppa upp í bíla, með hverjum sem er.

Ó, trúðu mér, ég er ekki að plata þig
Kæra vina viltu treysta mér,
Aðeins stjörnurnar á himnum

Vita hvað í mínu hjarta býr,

Ég myndi gera allt í veröldinni, fyrir þig
Ef þú aðeins vildir fylgja mér
Á drekanum við rennum niðrí bæ,
Í fjórða gír

Komdu með, ég bið þig
Komdu með, ég bið þig
Ég vona að þú segir ekki nei við mig
Því trúðu mér, ég dái þig
Það eina sem skiptir máli, ert þú og ég

Vertu ekki að plata mig,
Þú ert bara að nota mig
Ég er ekki eins og allar stelpurnar
Sem hoppa upp í bíla, með hverjum sem er.

# Vor í Vaglaskógi

Song by: Jónas Jónasson
Lyrics by: Kristján frá Djúpalæk
ArtistsKaleo ásamt fleirum.

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.
Við skulum tjalda í grænum berjamó .
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær.
Lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn vaggandi blæ.

Daggperlur glitra um dalinn færist ró
draumar þess rætast er gistir Vaglaskóg .
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.
Kyrrðin er friðandi mild og angurvær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn fagnandi blær.

# Vísur Íslendinga

Song by: C.E.F.Weyse
Lyrics by: Jónas Hallgrímsson
ArtistsJónas Hallgrímsson

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur,
er gleðin skín á vonarhýrri brá?
Eins og á vori laufi skrýðist lundur,
lifnar og glæðist hugarkætin þá;
og meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl,
þá er það víst, að best blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.

Látum því, vinir, vínið andann hressa
og vonarstundu köllum þennan dag,
og gesti vora biðjum guð að blessa
og best að snúa öllum þeirra hag.
Látum ei sorg né söknuð vínið blanda,
þó senn í vinahópinn komi skörð,
en óskum heilla og heiðurs hverjum landa,
sem heilsar aftur vorri fósturjörð.

# Ást

Song by: Magnús Þór Sigmundsson
Lyrics by: Sigurður Norðdal
ArtistsRagnheiður Gröndal

Sólin brennir nóttina
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.
Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli
og söngur ef allt er hljótt.
Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og Guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt
fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrr en með sjálfri mér.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, Guð - og við.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt
fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað
fyrr en með sjálfri mér.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt
fyrr en ég elskaði þig.

Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað
fyrr en með sjálfri mér.

# Ég er kominn heim

Song by: Emmerich Kálmán
Lyrics by: Jón Sigurðsson
ArtistsÁlftagerðisbræður ásamt fleirum.

ATH**
hægt að setja capó á 3 band og spila lagið í C
þá eru hljómarnir mun viðráðanlegri.

Er völlur grær og vetur flýr
og vermir sólin grund.
Kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit
sem brosir móti sól.
Þar ungu lífi landið mitt
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.
ég er kominn heim.

# Ég veit þú kemur

Song by: Oddgeir Kristjánsson
Lyrics by: Ási í Bæ
ArtistsElly Vilhjálms

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,
þó kveðjan væri stutt í gær,
ég trúi ekki á orðin þín
ef annað segja stjörnur tvær.

Og þá mun allt verða eins og var,
sko, áður en þú veist, þú veist,
og þetta eina sem út af bar
okkar á milli í friði leyst.

Og seinna þegar tunglið
hefur tölt um langan veg,
þá tölum við um drauminn
sem við elskum þú og ég.

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,
þó kveðjan væri stutt í gær,
ég trúi ekki á orðin þín
ef annað segja stjörnur tvær.
ef annað segja stjörnur tvær.

# Ég á líf

Song by: Örlygur Smári
Lyrics by: Pétur Örn Guðmundsson
ArtistsEyþór Ingi Gunnlaugsson

Lagði ég af stað í það langa ferðalag
ég áfram gekk í villu eirðarlaus
Hugsaði ekki um neitt, ekki fram á næsta dag
Einveru og friðsemdina kaus

Ég á líf, ég á líf
yfir erfiðleika svíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín
Þegar móti mér blæs
yfir fjöllin há ég klíf
Ég á líf, ég á líf, ég á líf

Ég skildi ekki ástina sem öllu hreyfir við
þorði ekki að faðma og vera til
Fannst sem ætti ekki skilið að opna huga minn
og hleypa bjartri ástinni þar inn

Ég á líf, ég á líf
yfir erfiðleika svíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín
Þegar móti mér blæs
yfir fjöllin há ég klíf
Ég á líf, ég á líf, vegna þín

Og ég trúi því
já ég trúi því
kannski opnast fagrar gáttir himins
Yfir flæðir fegursta ástin
hún umvefur mig alein

Ég á líf, ég á líf
yfir erfiðleika svíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín
Þegar móti mér blæs
yfir fjöllin há ég klíf
Ég á líf, ég á líf, vegna þín

Ég á líf, ég á líf ,ég á líf

# Í Bláum Skugga

Song by: Sigurður Bjóla Garðarsson
Lyrics by: Sigurður Bjóla Garðarsson
ArtistsStuðmenn

Í bláum skugga af broshýrum reyr.
Við eigum pípu, kannski eilítið meir.
Við eigum von og allt sem er dæmt og deyr.

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

Við áttum kaggann, þúfur og þras
og kannski dreytil í tímans glas.
En hvað er það, á við gott lyfjagras.

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

Básúnu sóló:

Og þegar vorið kemur á kreik,
þá tek ég flugið og fæ mér reyk.
Hann er mín trú og festa í lífsins leik.

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚÚÚ ÚÚ ÚÚ

Dixieland kafli:

# Ísland er land þitt

Song by: Magnús Þór Sigmundsson
Lyrics by: Margrét Jónsdóttir
ArtistsPálmi Gunnarsson

Capo on fret 2

(ATH - lagið er upphaflega í E-dúr)

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið, sem ungan þig dreymir.
Ísland í vonanna birtu þú sérð.
Ísland í sumarsins algræna skrúði,
Ísland með blikandi norðljósatraf.
Ísland, er feðranna afrekum hlúði.
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin, sem arfinn þinn geymir.
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk sú lind, sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.
Íslensk er lundin með karlmennsku þor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
Íslandi helgar þú krafta og starf.
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

# Ó, Jósep, Jósep

Song by: Saul Chaplin
Lyrics by: Skafti Sigþórsson
ArtistsKK ásamt fleirum.

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða
og bráðum hvarma mína fylla tár,
því fyrr en varir æskuárin líða
og ellin kemur með sín gráu hár.
Ég spyr þig, Jósep, hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Ó, Jósep, Jósep, láttu bílinn bruna
og byrjaðu sem fyrst að trukka mig.
Við keyrum út í græna náttúruna,
sem gerir viðkvæm bæði mig og þig.
Ó, Jósep, Jósep, hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

# Ó, María mig langar heim

Song by: Tills Wilkins
Lyrics by: Ólafur Gaukur Þórhallsson
ArtistsScott J. Simon ásamt fleirum.

Hann sigldi út um höfin blá í 17 ár
og sjómennsku kunni hann upp á hár,
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar
hann heillaði þar allar stúlkurnar
en aldrei hann meyjarnar augum leit
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið
til hennar sem sat þar og beið og beið
hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

En fleyið bar hann aldrei heim að fjarðarströnd.
Hann siglir ei lengur um ókunn lönd.
En María bíður og bíður enn
Hún bíður og vonar hann komi nú senn.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

# Óbyggðirnar kalla

Song by: Magnús Eiríksson
Lyrics by: Magnús Eiríksson
ArtistsKK ásamt fleirum.

Hoppa kátur út um dyrnar
við blasir heimurinn.
Himinblár er bláminn.
Himneskur jökullinn.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Bergmál óbyggðanna
svo bjart í höfði mér.
Leiður á öllu og öllum
hundleiður á sjálfum mér.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Hoppa kátur út um gluggann
úr blokk á fyrstu hæð.
Svo siglir sálarduggan
í allri sinni smæð.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

# Út á stoppistöð

Song by: Jakob Frímann Magnússon
Lyrics by: Jakob Frímann Magnússon
ArtistsStuðmenn

Út á stoppistöð
ég skunda nú með flösku í hendi.
Í partíið hjá Stínu Stuð
ég stóla á að ég lendi.

Með bros á vör ég bíð
og vona að bráðum komi bíllinn.
Í veislunni er voða lið
og valinkunnur skríllinn.

Hæ, Stína Stuð,
halló, Kalli og Bimbó,
hér er kátt á hjalla' og
hér ég dvelja vil.

Nú þrumuskuð
ég narra vil í limbó
og svo negla þær
og tálga aðeins til

Ef ekki í húlahopp
mér tekst að gabba hana Hönnu
helst þá vil ég Ellu kropp,
Þuru eða Önnu.

Hæ, Stína Stuð,
halló, Kalli og Bimbó,
hér er kátt á hjalla' og
hér ég dvelja vil.

Nú þrumuskuð
ég narra vil í limbó
og svo negla þær
og tálga aðeins til

# Út í veður og vind

Song by: Valgeir Guðjónsson ásamt fleirum.
Lyrics by: Valgeir Guðjónsson ásamt fleirum.
ArtistsStuðmenn

Ég legg metnað minn í það að míga úti
og í mannskaðanum varð ég undir vegg.
Í Stangarholti kúldrast ég hjá Knúti
og Kristínu, sem spælir okkur egg.

O, ó, út í veður og vind
o, ó, vatns- ég lita -mynd, undan vindi.

Ég migið hef í mörgu dimmu skoti
og meir´að segja bak við hús hjá þér.
Þótt nýtískuleg salernin ég noti
er nepjan betri til að hægja á sér

O, ó, út í veður og vind
o, ó, vatns- ég lita -mynd, undan vindi.

Afi kenndi mér sem ungum pilti
A-aldrei að láta deigan síga
og þegar kuldinn kvikasilfrið tryllti,
hann kenndi mér í lófana að míga

O, ó, út í veður og vind
o, ó, vatns- ég lita -mynd, undan vindi.

Og eftir því sem árin færast yfir.....takk fyrir.

# Það liggur svo makalaust

Lyrics by: Bjarni Þorsteinsson
ArtistsÁrni Johnsen

Það liggur svo makalaust ljómandi' á mér
mér líkar svo vel, hvernig heimurinn er,
mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Hæ, dúllía, dúllía, dúllíadei.
Hæ dúllía, dúllía dúllíadei.
mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Það skilst varla hjá mér eitt einasta orð,
mér allt sýnist hringsnúast; stólar og borð.
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.

Hæ, dúllía, dúllía, dúllíadei.
Hæ dúllía, dúllía dúllíadei.
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.

Samt líð ég hér áfram í indælisró,
í "algleymis" dillandi "löngunarfró".
Já þetta' er nú "algleymi" ef "algleymi'" er til
Því ekkert ég man eða veit eða skil.

Hæ, dúllía, dúllía, dúllíadei.
Hæ dúllía, dúllía dúllíadei.
Já þetta' er nú "algleymi" ef "algleymi'" er til
Því ekkert ég man eða veit eða skil.

# Þjóðvegurinn

Song by: Magnús Eiríksson
Lyrics by: Magnús Eiríksson
ArtistsBrimkló

Nú finn ég fiðringinn, ég fylli bílinn minn.
Þar er að verki gamli ferðahugurinn.
Svo er ekið af stað
og ekki áð um sinn.
Ég ætla að glíma í allan dag
við þjóðveginn.

Ég tek minn poka og tjald, tek mitt veiðidót.
Við tekur hamslaus keyrsla yfir urð og grjót.
Og á áfangastað
hvíl og gleði ég finn.
Allan daginn hef ég glímt
við þjóðveginn.

Glímt við þjóðveginn,
þessa grýttu braut.
Glímt við þjóðveginn,
gegnum dalanna skaut.

Tjaldi upp að slá, fjöllin eru blá.
Nú liggur ekki lengur lífið á.
Má ég skríða hér inn,
oní svefnpokann þinn?
Því ég hef allan daginn glímt
við þjóðveginn.

Glímt við þjóðveginn,
þessa grýttu braut.
Glímt við þjóðveginn,
gegnum dalanna skaut.

Tjaldi upp að slá, fjöllin eru blá.

Nú liggur ekki lengur lífið á.
Má ég skríða hér inn,
oní svefnpokann þinn?
Því ég hef allan daginn glímt
allan daginn glímt,
því ég hef allan daginn glímt
við þjóðveginn.

# The River

Song by: Bruce Springsteen
Lyrics by: Bruce Springsteen
ArtistsBruce Springsteen

I come from down in the valley,
where mister when you're young
They bring you up to do
like your daddy done
Me and Mary we met in high school,
when she was just seventeen
We'd ride out of that valley
down to where the fields were green

We'd go down to the river,
and into the river we'd dive
Oh down to the river we'd ride

Then I got Mary pregnant,
and man that was all she wrote
And for my nineteenth birthday
I got a union card and a wedding coat
We went down to the courthouse,
and the judge put it all to rest
No wedding day smiles
no walk down in the aisle,
no flowers no wedding dress

That night we went down to the river,
and into the river we'd dive
Oh down to the river we did ride

I got a job working construction
for the Johnstown Company
But lately there ain't been much work
on account of the economy
Now all them things that seemed so important
Well mister they vanished right into the air
Now I just act like I don't remember,
Mary acts like she don't care

But I remember us riding in my brother's car
Her body tan and wet down at the reservoir
At night on them banks I'd lie awake
And pull her close just to feel each breath she'd take
Now those memories come back to haunt me,
They haunt me like a curse
Is a dream a lie if it don't come true,
Or is it something worse

That sends me down to the river
though I know the river is dry,
That sends me down to the river tonight
Down to the river, My baby and I,
Oh down the river we'd ride
oh  oh oh oh...........

# Let it be

Song by: John Lennon ásamt fleirum.
Lyrics by: John Lennon ásamt fleirum.
ArtistsThe Beatles

When I find myself in times of trouble,
Mother Mary comes to me,
Speaking words of wisdom,
let it be.

And in my hour of darkness,
She is standing right in front of me,
Speaking words of wisdom,
let it be.

Let it be, let it be,
let it be, let it be.
Whisper words of wisdom,
let it be.

And when the broken hearted people
Living in the world agree,
There will be an answer,
let it be.

For though they may be parted,
There is still a chance that they will see,
There will be an answer,
let it be.

Let it be, let it be,
let it be, let it be.
there will be an answer,
let it be.

Let it be, let it be,
let it be, let it be.
Whisper words of wisdom,
let it be.

- SÓLÓ -

Let it be, let it be,
let it be, let it be.
Whisper words of wisdom,
let it be.

And when the night is cloudy,
There is still a light that shines on me,

Shine until tomorrow,
let it be.

I wake up to the sound of music,
Mother Mary comes to me,
speaking words of wisdom,
let it be.

Let it be, let it be,
let it be, let it be.
there will be an answer,
let it be.

Let it be, let it be,
let it be, let it be.
there will be an answer,
let it be.

Let it be, let it be,
let it be, let it be.
Whisper words of wisdom,
let it be.

# A Hard Day's Night

Song by: John Lennon ásamt fleirum.
Lyrics by: John Lennon ásamt fleirum.
ArtistsThe Beatles

It's been A Hard Day's Night
and I've been working like a dog
It's been A Hard Day's Night
I should be sleeping like a log
But when I get home to you
I find the things that you do
will make me feel al---right

You know I work all day
to get you money to buy things
And It's worth it just to hear you say
you're gonna give me ev'rything
So why I love to come home
'Cause when I get you alone
you know I'll be O.K.

When I home
ev'rything seems to be alright
When I'm home
feeling you holding me tight, tight,yeah

It's been A Hard Day's Night
and I've been working like a dog
It's been A Hard Day's Night
I should be sleeping like a log
But when I get home to you
I find the things that you do will
make me feel al---right

So why I love to come home
'Cause when I get you alone
you know I'll be O.K.

When I home
ev'rything seems to be alright
When I'm home
feeling you holding me tight, tight,yeah

It's been A Hard Day's Night
and I've been working like a dog
It's been A Hard Day's Night
I should be sleeping like a log
But when I get home to you
I find the things that you do will
make me feel al---right

You know I feel al---right

# Yesterday

Song by: John Lennon ásamt fleirum.
Lyrics by: John Lennon ásamt fleirum.
ArtistsThe Beatles

Yesterday, all my troubles
seemed so far away,
Now it looks as though they're here to stay,
Oh, I believe in yesterday.

Suddenly, I'm not half the man
I used to be,
There's a shadow hanging over me,
Oh, yesterday came suddenly.

Why she had to go,
I don't know, she wouldn't say.
I said something wrong,
Now I long for yesterday.

Yesterday, love was such an easy
game to play,
Now I need a place to hide away,
Oh, I believe in yesterday.

Why she had to go,
I don't know, she wouldn't say.
I said something wrong,
Now I long for yesterday.

Yesterday, love was such an easy
game to play,
Now I need a place to hide away,
Oh, I believe in yesterday.

Mmm, mm, mm, mm, mm mm.

# One

Song by: U2
Lyrics by: Bono
ArtistsU2

Is it getting better
Or do you feel the same
Will it make it easier on you
Now you got someone to blame

One love, One life
When it's one need, In the night

It's one love, We get to share it
It leaves you baby, If you don't care for it

Did I disappoint you
Or leave a bad taste in your mouth
You act like you never had love
And you want me to go without

Well it's too late, Tonight
To drag the past out into the light

We're one, but we're not the same
We get to carry each other
Carry each other

Have you come here for forgiveness
Have you come to raise the dead
Have you come here to play Jesus
To the lepers in your head

Did I ask too much, More than a lot
You gave me nothing
Now it's all I got

We're one, but we're not the same
We hurt each other
Then we do it again

Love is a temple, Love is the higher law
Love is a temple,Love is the higher law
You ask me to enter, but then you make me crawl
And I can't be holding on
When all you got is hurt

One love, One blood
One life
You got to do what you should

One life, With each other
Sisters
Brothers

One life, but we're not the same
We get to carry each other
Carry each other

# Love me tender

Song by: George R. Poulton
Lyrics by: W.W. Fosdick
ArtistsElvis Presley

Love me tender, love me sweet,
Never let me go.
You have made my life complete,
And I love you so.

Love me tender, love me true,
All my dreams fulfill.
For, my darlin', I love you,
And I always will

Love me tender, love me long,
Take me to your heart.
For it's there that I belong,
And we'll never part.

Love me tender, love me true,
All my dreams fulfill.
For, my darlin', I love you,
And I always will

Love me tender, love me dear,
Tell me you are mine.
I'll be yours through all the years,
Till the end of time.

Love me tender, love me true,
All my dreams fulfill.
For, my darlin', I love you,
And I always will

# When I think of angels

Song by: KK
Lyrics by: KK
ArtistsKK ásamt fleirum.

When I think of angels
I think of you
And your flaming red hair
and the things that you do.
I heard you had left
no it couldn't be true
When I think of angels
I think of you.

Godspeed to you angel
wherever you go

although you have left
I want you to know
My heart's full of sorrow
I won't let it show
I´ll see you again
when it's my time to go.